



# HEILBRIGÐISEFTIRLIT AUSTURLANDS

Ársskýrsla 2017

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>2</b>
1.1	ÁRSSKÝRSLA 2017	2
1.2	STJÓRNSÝSLULEG SKIPAN	2
1.3	SKAMMSTAFANIR	2
<b>2</b>	<b>HEILBRIGÐISNEFND</b>	<b>3</b>
2.1	STARF HEILBRIGÐISNEFNDAR	4
<b>3</b>	<b>STARFSLIÐ HAUST ÁRIÐ 2017</b>	<b>5</b>
3.1	STARFSMENN	5
3.2	ENDURMENNTUN OG SAMSTARFSFUNDIR	6
<b>4</b>	<b>STARFSEMI HAUST 2017</b>	<b>7</b>
4.1	ÚTGEFIN STARFSLEYFI ÁRIÐ 2017	8
4.2	EFTIRLIT ÁRSINS	9
4.3	SÝNATAKA	9
4.4	TÓBAKSSÖLULEYFI	10
4.5	KVARTANIR OG ÁBENDINGAR	10
<b>5</b>	<b>MATVÆLAEFTIRLIT 2017</b>	<b>12</b>
5.1	ÞRIF Í STÓRELDHÚSUM	12
5.2	NEYSLUVATN	14
5.3	VATNATILSKIPUN	16
5.4	ÍS ÚR VÉL	17
5.5	MATVÆLAHÓPUR	17
<b>6</b>	<b>HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLIT 2017</b>	<b>18</b>
6.1	SALA Á GISTINGU	18
6.2	BAÐSTAÐIR	19
6.3	SÝNATAKA AF BAÐVATNI	19
6.4	HOLLUSTUHÁTTAHÓPUR	21
6.5	SKIPASKOÐANIR	21
6.6	SÓTTVARNIR HAFNA OG FLUGVALLA	21
<b>7</b>	<b>MENGUNARVARNAEFTIRLIT 2017</b>	<b>22</b>
7.1	BREYTINGAR Á LÖGUM OG REGLUGERÐUM	22
7.2	LOFTGÆÐI	23
7.3	SORPMÁL	23
7.4	UMHVERFISGÆÐAHÓPUR	24
<b>8</b>	<b>LOKAORÐ</b>	<b>25</b>

## 1 INNGANGUR

### 1.1 ÁRSSKÝRSLA 2017

Hér gefur að líta samantekt um starfsemi Heilbrigðiseftirlits Austurlands árið 2017. Skýrslunni er skipt niður í þrjú megin svið, matvælasvið, hollustuháttasvið og mengunarvarnasvið. Ársskýrslan er eingöngu gefin út rafrænt og er send öllum sveitarfélögum á starfssvæði HAUST og helstu samstarfsstofnunum. Auk þess er ársskýrslan ásamt fyrri ársskýrslum HAUST aðgengileg á heimasíðu heilbrigðiseftirlits Austurlands, [www.haust.is](http://www.haust.is).

### 1.2 STJÓRNSÝSLULEG SKIPAN

Heilbrigðiseftirlit Austurlands er eitt 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem starfrækt eru á vegum sveitarfélaga á Íslandi en samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal ekkert sveitarfélag vera án heilbrigðiseftirlits. Að Heilbrigðiseftirliti Austurlands standa 9 sveitarfélög frá Vopnafirði í norðri að Sveitarfélaginu Hornafirði í suðri. Árið 1998 stofnuðu sveitarfélögin á svæðinu byggðasamlag um rekstur heilbrigðiseftirlits og er stjórn byggðasamlagsins jafnframt heilbrigðisnefnd svæðisins.

### 1.3 SKAMMSTAFANIR

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í skýrslunni:

Heilbrigðiseftirlit Austurlands	HAUST
Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna	HES
Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða	SHÍ
Samtök sveitarfélaga á Austurlandi	SSA
Matvælastofnun	MAST
Umhverfisstofnun	UST
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	UAR



## 2 HEILBRIGÐISNEFND

Fulltrúar í heilbrigðisnefnd, sem einnig mynda stjórn byggðasamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands, eru kosnir á fyrsta aðalfundi HAUST eftir sveitarstjórnarkosningar. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar sveitarfélaganna, einn fulltrúi náttúruverndarnefnda og einn fulltrúi frá samtökum atvinnurekanda.

Heilbrigðisnefnd var þannig skipuð á starfsárinu 2017.

Formaður:	Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð
Varaformaður:	Árni Kristinsson, Fljótshálsa Gunnhildur Imsland, Hornafjörður Andrés Skúlason, Djúpvogur Sandra Konráðsdóttir, Vopnafjörður
Fulltrúi atvinnurekanda:	Benedikt Jóhannsson, Fjarðabyggð
Fulltrúi náttúruverndarnefnda:	Kristín Ágústsdóttir, Fjarðabyggð



Mynd 1. Heilbrigðisnefnd, f.v. Andrés Skúlason, Kristín Ágústsdóttir, Benedikt Jóhannsson, Jón Björn Hákonarson, Sandra Konráðsdóttir, Gunnhildur Imsland og Árni Kristinsson.

Varamenn:	Esther Ösp Gunnarsdóttir, Fjarðabyggð Anna Alexandersdóttir, Fljótshálsa Lovísa Rósa Bjarnadóttir, Hornafjörður Hjördís Skírnisdóttir, Hornafjörður Vilhjálmur Jónsson, Seyðisfjörður
F.h. atvinnurekanda:	Auður Ingólfssdóttir, Fljótshálsa
F.h. náttúruverndarnefnda:	Helga Hrönn Melsteð, Breiðdalshreppi

## 2.1 STARF HEILBRIGÐISNEFNDAR

Meirihluti funda heilbrigðisnefndar eru símfundir enda langt á milli nefndarmanna. Reynt er að hittast a.m.k. tvisvar sinnum árlega auk aðalfundar. Síðastliðið ár hittust nefndarmenn ásamt starfsmönnum heilbrigðiseftirlits á Eskifirði í Dahls sjóhúsi í apríl að loknum hádegisverði í Randúlfs sjóhúsi. Auk þess hittust nefndarmenn og starfsmenn HAUST á Egilsstöðum í september þar sem fundað var í Hótel Valaskjálf. Aðalfundur HAUST var haldinn í Kaupvangskaffi á Vopnafirði þann 1. nóvember. Allar fundargerðir heilbrigðisnefndar eru aðgengilegar á vefsíðu HAUST.

Fundir heilbrigðisnefndar Austurlands á árinu 2017 voru sem hér segir:

8. febrúar, símfundur

6. september, Egilsstaðir

5. apríl, Eskifjörður

11. október, símfundur

24. maí, símfundur

13. desember, símfundur

Aðalfundur byggðasamlags HAUST var haldinn á Vopnafirði 1. nóvember 2017



Mynd 2. Tekin í Breiðuvík, hæst trónir fjallið Bálkur.

### 3 STARFSLIÐ HAUST ÁRIÐ 2017

#### 3.1 STARFSMENN

Fyrirhugað var að tveir starfsmenn HAUST færu í barneignaleyfi á árinu og var því ráðinn inn starfsmaður til að fylla í skarðið. Hrund Erla Guðmundsdóttir matvælafræðingur kom til starfa um mitt ár 2017 og var hún ráðin til eins árs. Í fjarveru Leifs Þorkelssonar seinni hluta ársins var Lára Guðmundsdóttir ráðin sem staðgengill framkvæmdastjóra.

Tafla 1. Starfsmenn HAUST á árinu 2017 voru eftirfarandi:

Starfsmaður	Stöðugildi
Borgþór Freysteinnsson, <b>BF</b> mjólkurfræðingur	40% stöðugildi.
Dröfn Svanbjörnsdóttir <b>DS</b> heilbrigðisverkfræðingur, heilbrigðisfulltrúi	100% starf að frátöldu barneignaleyfi
Hákon Hansson, <b>HIH</b> dýralæknir og heilbrigðisfulltrúi	40% stöðugildi
Helga Hreinsdóttir <b>HHR</b> næringarfræðingur, kennari og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi framkvæmdastjóri
Hrund Erla Guðmundsdóttir, <b>HEG</b> matvælafræðingur B.Sc.	Afleysingar 100% stöðugildi frá júní
Leifur Þorkelsson, <b>LÞ</b> sjávarútvegsfræðingur og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi að frátöldu barneignaleyfi staðgengill frkvstj.
Lára Guðmundsdóttir, <b>LG</b> MSc í auðlindafræði og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi staðgengill frkvstj. frá 1.október

Starfsmenn hittust tvisvar sinnum á vinnufundi á árinu, í janúar á Djúpavogi og í september á Egilsstöðum. Fjallað var um orðnar breytingar á reglugerðum og samræmingu á verklagi vegna þeirra. Auk þess voru vatnsveitur umfjöllunarefni fundanna, þar sem meðal annars var farið yfir viðbrögð við mengun neysluvatns og tillaga lögð fram um endurskoðun á flokkun neysluvatnsveitna.




Mynd 3. Starfsmenn HAUST á vinnufundi á Egilsstöðum í september 2017, frá vinstri: Hrund, Borgþór, Lára og Leifur. Hákon og Helga fyrir framan.

### 3.2 ENDURMENNTUN OG SAMSTARFSFUNDIR

Helstu námskeið, ráðstefnur og fundir sem starfsmenn sóttu á árinu 2017, ath. að símfundir eru ekki meðtaldir:


Starfsmaður	dagsetning	Fundur/námskeið
HHr	4.janúar	Fundur framkvæmdastjóra SHÍ – Mosfellsbær
DS og LG	1.mars	Námskeið um asbest - Vinnueftirlit ríkisins
LG	7-8. mars	Starfsþjálfun hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra
HHR	14.mars	Sóttvarnaráætlun skipa – Seyðisfjörður
LG og LP	15.mars	Sóttvarnaráætlun skipa – Reyðarfjörður
HHr og LG	22. mars	Áhrif hönnunar á heilnæmi bygginga - Egilsstaðir
HHr	30. mars	Vatnaráð – Reykjavík
HHr	28. apríl	SHÍ – Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi – Mosfellsbær
HHr og LP	2-3. maí	Vorfundur SHÍ, UST og MAST – Breiðdalsvík
HHR	9-11 maí	Umhverfissæðahópur – Ísafjörður
LP	11. maí	Varnarefni í matvælum - MAST
HHr og LG	17. maí	Skipulag hafs og stranda - Reyðarfjörður
LG	24. maí	Úrgangur í dag, auðlind á morgun - Reykjavík
LP	28. júní	Námskeið um skipaskoðanir - netnámskeið
LG	14-15 september	Hollustuháttahópur - Bifröst
HHr og LG	31. október	Sóttvarnaráætlun flugvalla - Egilsstaðir
Allir nema LP	14-15 nóvember	Haustfundur SHÍ í Reykjavík



Mynd 4. Reyðarfjörður

## 4 STARFSEMI HAUST 2017

Hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er m.a. að gefa út starfsleyfi og hafa eftirlit með starfsemi starfsleyfisskyldra fyrirtækja skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og skv. matvælalögum.




Mynd 5. Fjöldi eftirlitsskyldra starfsstöðva flokkað niður eftir sviðum.

Fjöldi eftirlitsskyldra fyrirtækja heldur áfram að vaxa og voru þau 1480 í lok árs 2017. Mestur vöxtur er í fjölda starfsstöðva á hollustuháttasviði líkt og undanfarin ár. Hluti starfsstöðva á mengunarvarnarsviði er vegna verkefna sem framseld eru frá UST til HAUST með sérstökum samningi þar að lútandi. Um er að ræða sex fiskimjölsverksmiðjur, sjö urðunarstaði og eina starfsstöð þar sem heimild er til móttöku og meðhöndlunar spilliefna.



#### 4.1 ÚTGEFIN STARFSLEYFI ÁRIÐ 2017

Á árinu 2017 voru gefin út 188 starfsleyfi. Þar af voru 94 ný starfsleyfi sem er svipaður fjöldi og undanfarin fimm ár.



Mynd 6. Fjöldi útgefinna starfsleyfa undanfarin fimm ár, greint eftir mismunandi sviðum.

Af 94 nýjum starfsleyfum sem gefin voru út á árinu voru 62 á hollustuháttasviði, þar af 45 vegna sölu á gistingu. Ný starfsleyfi sem gefin voru út á matvælasviði voru 22, þar af 10 vegna sölu á veitingum. Á mengunarvarnasviði voru gefin út 10 ný starfsleyfi, flest vegna þjónustu við bíla og tæki.

Uppistaðan í tímabundnum starfsleyfum eru vegna útisamkvæma, brennu og flugeldasýninga. Einnig eru gefin út tímabundin starfsleyfi fyrir niðurrifi húsa og starfsmannabúðum.

## 4.2 EFTIRLIT ÁRSINS


Eftirlitsáætlun ársins 2017 gerði ráð fyrir að alls 858 starfsstöðvar yrðu heimsóttar á árinu í tengslum við reglubundið eftirlit. Heimsóttar voru 806 starfsstöðvar eða 94 %, sem er sama hlutfall og undanfarin ár. Aðrar eftirlitsferðir urðu 147, flestar vegna úttektar í tengslum við gerð starfsleyfis og vegna sýnatöku. Eftirfylgniferðir voru 11 og í 5 tilvikum voru starfsstöðvar heimsóttar í kjölfar kvartana. Eftirlitsferðir ársins urðu því samtals 953 og má sjá skiptingu þeirra í töflu 2.

Tafla 2. Fjöldi starfsstöðva á eftirlitsskrá árið 2017 og raun fjöldi eftirlitsferða.

	Hollustuháttasvið	Matvælasvið	Mengunarvarnasvið	Alls
Á eftirlitsáætlun	376	284	198	858
Reglubundið eftirlit	355	275	176	806
<b>Hlutfall heimsótt</b>	<b>94%</b>	<b>97%</b>	<b>89%</b>	<b>94%</b>
<i>Aðrar eftirlitsferðir</i>				
Úttekt	58	17	16	91
Eftirfylgni	3	4	4	11
Kvörtun	2	2	1	5
Sýnatökuferðir	8	22	10	40
<b>Eftirlitsferðir alls</b>	<b>426</b>	<b>320</b>	<b>207</b>	<b>953</b>

## 4.3 SÝNATAKA

Á árinu 2017 tók Heilbrigðiseftirlit Austurlands alls 366 sýni og sendi til rannsóknar. Tilgangur sýnatöku er að ganga úr skugga um að kröfur sem fram koma í reglugerðum og starfsleyfum séu uppfylltar. Algengustu sýnin eru neysluvatnssýni líkt og áður. Auk þess er tekið talsvert af sýnum til að fylgjast með virkni fráveitukerfa og heilnæmi baðvatns. Á meðfylgjandi mynd sést yfirlit yfir fjölda og tegundir sýna sem tekin voru á árinu. Nánar verður fjallað um sýnatöku og rannsóknarniðurstöður síðar í skýrslunni.




Mynd 7. Fjöldi sýna sem starfsmenn HAUST hafa tekið undanfarin fimm ár, skipt niður eftir gerð sýna.

#### 4.4 TÓBAKSSÖLULEYFI

Tóbakssöluleyfi eru gefin út á grunni laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og gilda leyfin í fjögur ár frá útgáfudegi. Alls höfðu 30 staðir leyfi heilbrigðisnefndar til smásölu á tóbaki í árslok 2017 og hafði þeim fækkað um einn á milli ára. Ekkert nýtt leyfi var gefið út árinu en 15 leyfi voru endurnýjuð.

Yfir 70 tóbakssöluleyfi voru í gildi á starfssvæði HAUST í árslok 2001 en í kjölfar reykingabanns á skemmtistöðum sem gekk í gildi um mitt ár 2007 hefur leyfunum fækkað mikið. Það eru einkum matvöruverslanir og söluturnar sem hafa leyfi til tóbakssölu og fer eftirlit með fyrirkomulagi sölunnar fram samhliða reglubundnu eftirliti í viðkomandi starfstöð.



Mynd 8. Fjöldi útgefinna tóbakssöluleyfa auk fjölda gildra leyfa á hverju ári.

#### 4.5 KVARTANIR OG ÁBENDINGAR

Í kvartanaskrá HAUST árið 2017 voru skráðar 55 formlegar kvartanir eða ábendingar, árið 2016 voru 44 formlegar kvartanir og fer þeim því sífellt fjölgandi.

Fyrri part árs bárust reglulega kvartanir vegna grútarmengunar frá fiskvinnslufyrirtækjum í fjórðungnum.

Kvartanir vegna hundahalds eru nokkuð reglulegar hjá heilbrigðiseftirlitinu, þar er helst kvartað yfir geltandi hundum, óprifnaði í tengslum við þá og að hundar séu lausir.

Kvartanir vegna matvælafyrirtækja voru alls 9 og tengdust þær flestar óprifnaði, ein ábending barst vegna skemmdra matvæla og ein vegna gruns um matarsýkingu.

Á hollustuháttasviði bárust ábendingar um slyshættu í umhverfi barna og ein ábending barst vegna óprifnaðar í leikskóla.

## Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Tafla 3. Fjöldi kvartana síðast liðin fimm ár skipt niður eftir sviði.

	2013	2014	2015	2016	2017
Matvæli	12	5	10	9	9
Mengun/umhverfismál	8	10	14	14	15
Hollustuhættir	12	5	6	18	13
Aðrar kvartanir					18
<b>alls</b>	<b>32</b>	<b>20</b>	<b>30</b>	<b>41</b>	<b>55</b>

Öllum kvörtunum og ábendingum er fylgt eftir af hálfu heilbrigðiseftirlitsins. Eftir eðli málsins er atvikið kannað, sé um alvarlegt atvik að ræða fer heilbrigðisfulltrúi tafarlaust á staðinn og metur aðstæður. Í öðrum tilvikum er viðkomandi rekstraraðila tilkynnt að kvörtun hafi borist og því síðan fylgt eftir í næsta reglubundna eftirliti að úrbætur hafi farið fram.



Mynd 9. Grútarmengun í Eskifirði 2017.

## 5 MATVÆLAEFTIRLIT 2017

Matvælafyrirtæki á eftirlitsskrá HAUST voru 399 í árslok 2017 og fjölgar lítillega á milli ára. Skiptingu matvælafyrirtækja má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár.

Tafla 4. Fjöldi matvælafyrirtækja á eftirlitsskrá HAUST undanfarin 5 ár, skipt niður eftir sviðum.

Flokkur	2013	2014	2015	2016	2017
Stóreldhús	136	153	158	160	174
Vatnsveita	125	127	136	142	145
Smásalar	48	45	46	45	41
Framleiðsla og pökkun	32	36	38	36	30
Vöruflutningar	9	10	10	10	9
Önnur matvælafyrirtæki	39	26	2	1	
<b>Alls</b>	<b>389</b>	<b>397</b>	<b>390</b>	<b>394</b>	<b>399</b>

Á fimm ára tímabili hefur stóreldhúsum fjölgað um 38 og vatnsveitum um 20. Hér er fyrst og fremst um að ræða fjölgun vegna fyrirtækja í ferðaþjónustu. Smásölum fækkar nokkuð á sama tímabili.

Starfsstöðvum sem falla í flokkinn „önnur matvælafyrirtæki“ hefur fækkað verulega á undanförunum árum. Ástæðan er fyrst og fremst sú að félagsheimili og samkomusalir með eldhús, en enga eða takmarkaða veitingasölu, eru ekki lengur flokkuð sem matvælafyrirtæki.

Eftirlitsáætlun HAUST gerir ráð fyrir því að matvælafyrirtæki séu heimsótt árlega, nema litlar vatnsveitur sem eru heimsóttar annað hvert ár. Árið 2017 fóru starfsmenn HAUST í 320 heimsóknir í 292 starfsstöðvar á matvælasviði.

### 5.1 ÞRIF Í STÓRELDHÚSUM


Flest matvælafyrirtæki á starfssvæði HAUST eru stóreldhús, en í þann flokk falla m.a. veitingastaðir, mötuneyti og skyndibitastaðir. Til þess að kanna árangur þrifa í stóreldhúsum voru í eftirliti ársins árið 2017 tekin sýni með snertiskálum (rodac-skálum).

Sýnatakan fer fram á þann hátt að skál með næringaræti er þrýst niður á þann flöt sem á að rannsaka, skálinni lokað og hún geymd á dimmum stað við herbergishita í 3-4 sólarhringa. Þrif eru metin útfrá fjölda þyrpinga (kólónía) sem ná að vaxa á skálinni.

Tafla 5. Mælikvarði við mat á árangri þrifa.


Fjöldi kólónía	Árangur þrifa	Mat
0	Góður	Fullnægjandi
1-10	Sæmilegur	
11-100	Lélegur	Ófullnægjandi
>100	Mjög lélegur	





Mynd 10. Talið á snertiskálum

Á mynd 10 má sjá dæmi um mat á þrifum þar sem eitt sýni af fjórum er metið ófullnægjandi en hin þrjú fullnægjandi.



Mynd 11. Niðurstöður sýnatöku á yfirborði í matvælafyrirtækjum.

Tekin voru 56 sýni í 14 stóreldhúsum og koma niðurstöðurnar fram á meðfylgjandi mynd. Þrif teljast fullnægjandi í 39 tilvikum af 56 eða 70%. Í sambærilegri könnun fyrir tveimur árum var hlutfallið 63%. Innréttingar koma verst út en þrif eru ýmist metin léleg eða mjög léleg í 10 skipti af 14 eða 71%. Þrif á skurðarbrettum teljast hins vegar fullnægjandi í öllum tilvikum.

## 5.2 NEYSLUVATN

Vatnsveitur með starfsleyfi frá HAUST voru 145 í árslok 2017, þar af 130 litlar vatnsveitur sem þjóna 150 íbúum eða færri.

Eftirlit með vatnsveitum fer að mestu fram með sýnatöku en einnig eru skoðuð vatnsverndarsvæði, einkum brunnsvæði vatnsbóla sem og gögn um innra eftirlit hjá stærri vatnsveitum og vatnshreinsibúnaður, sé hann fyrir hendi.

Sýni úr vatnsveitum eru tekin í samræmi við ákvæði reglugerðar 536/2001 um neysluvatn. Úr vatnsveitum sem þjónusta færri en 150 íbúa er tekið sýni annað hvert ár að jafnaði. Úr stærri veitum eru tekin 1-4 sýni á ári, en hlutfallslega fleiri (allt að 6 sýni) ef neysluvatnið er geislað.




Mynd 12. Starfsmaður HAUST við úttekt á hugsanlegu vatnsbóli

Á vordögum 2017 beindi Matvælastofnun því til heilbrigðiseftirlitssvæða að taka sýni bæði fyrir framan og aftan geislabúnað til að ganga úr skugga um áhrif geislunar og einnig til að kanna hvort gerillinn *Clostridium perfringens* væri í vatninu fyrir geislun.

Í töflunni hér að neðan má sjá niðurstöður fyrir þær fjórar vatnsveitur sem nota geislun til hreinsunar á neysluvatni. Vatnsveitur eru ekki nafngreindar en á þessum niðurstöðum má sjá virkni geislunar. Í engu af sýnunum fjórum mældist *Clostridium perfringens*. Hins vegar sést af töflunni að í þrem tilvikum af fjórum stóðst vatnið framan við geislunina ekki ákvæði neysluvatnsreglugerðar m.t.t. vísigerla sem taka ber í reglubundinni rannsókn (rautt = yfir viðmiðunarmörkum). Niðurstöður þessarar athugunar sýna vel mikilvægi og virkni geislunar hjá þessum vatnsveitum.


Tafla 6. Niðurstöður úttektar á neysluvatni fjögurra vatnsveitna framan og aftan við geislabúnað.

Vatnsveita og geislun		gerlafjöldi við 22°C	fjöldi kólígerla	fjöldi. e kólígerla
Veita 1	fyrir geislun	14	0	0
	eftir geislun	0	0	0
Veita 2	fyrir geislun	2	1	1
	eftir geislun	0	0	0
Veita 3	fyrir geislun	310	0	0
	eftir geislun	0	0	0
Veita 4	fyrir geislun	39	2	1
	eftir geislun	0	0	0



Mynd 13. Niðurstöður sýnatöku úr vatnsveitum sem þjóna fleiri en 150 íbúum

Alls voru tekin 67 sýni úr vatnsveitum sem þjóna fleiri en 150 íbúum. Þar af stóðust 6 sýni úr 3 vatnsveitum ekki kröfur neysluvatnsreglugerðar um örverufræðileg viðmið.



Mynd 14. Niðurstöður sýnatöku úr vatnsveitum sem þjóna færri en 150 íbúum.


Af 79 sýnum sem tekin voru úr litlum vatnsveitum voru 11, eða 14%, sem ekki stóðust kröfur um örverufræðileg viðmið.





### 5.3 VATNATILSKIPUN


Árið 2007 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um að innleiða vatnstilskipun Evrópusambandsins hér á landi og var það gert með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Í kjölfarið fór fram mikil vinna fjögurra vatnasvæðisnefnda. Eftir fjögurra ára vinnu var dregið úr fjárframlögum vegna verkefnisins þannig að starfsemin lá niðri um tíma. Á árinu 2017 var vinna vatnaráðs endurvakin og fé hefur verið tryggt til að taka upp þráðinn. Því má búast við að vatnasvæðisnefndir verði kallaðar til samráðs á ný en HAUST á fulltrúa í nefndum fyrir svæði 2 og 3.



Mynd 15. Skipting landsins í vatnasvæðanefndir, mynd fengin af heimasíðu UST.

## 5.4 ÍS ÚR VÉL

Eins og undanfarin ár er tekið eitt íssýni úr hverri ísvél á svæðinu og rannsakað m.t.t. reglugerðar um örverufræðileg viðmið. Niðurstöður koma fram á meðfylgjandi mynd ásamt samanburði við niðurstöður undanfarinna fimm ára.



Mynd 16. Niðurstöður sýnatöku af ís úr vél undanfarin fimm ár.

Af 15 sýnum sem tekin voru í reglubundnu eftirliti voru 14 metin fullnægjandi eða 93%, sem er hærra hlutfall en undanfarin tvö ár.

## 5.5 MATVÆLAHÓPUR

Á vettvangi MAST og HES er starfræktur svokallaður matvælahópur en hann er skipaður fulltrúum frá öllum heilbrigðiseftirlitssvæðunum, auk sérfræðinga MAST. Markmið hópsins er að stuðla að samráði og samhæfingu milli MAST og HES og tryggja upplýsingaflæði milli aðila.

Á vegum hópsins eru meðal annars skipulögð sameiginleg átaksverkefni í matvælaeftirliti. Á árinu 2017 var m.a. unnið að verkefnum varðandi miðlun upplýsinga um ofnæmi og óþol á óforþökkuðum matvælum og geymslupolsmerkingar

Fulltrúi HAUST í hópnum er Leifur Þorkelsson en Hrund Erla Guðmundsdóttir sat þó fundi hópsins sem haldnir voru á meðan Leifur var í barneignaleyfi.

## 6 HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLIT 2017

Fyrirtæki á hollustuháttasviði á eftirlitsskrá HAUST voru 723 í árslok 2017. Skiptingu þeirra má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár.

Tafla 7. Skipting fyrirtækja á hollustuháttasviði árið 2017.

Flokkur	2013	2014	2015	2016	2017
Sala á gistingu	222	240	273	322	344
Samkomustaðir	77	77	81	76	82
Skólar og menntastofnarnir	55	54	51	56	60
Íþróttastaða	54	54	54	54	55
Snyrtistofur	45	42	40	39	38
Heilbrigðisþjónusta	34	34	33	31	33
Leiksvæði	35	44	45	56	67
Hestaleigur	7	8	9	9	11
Annað	26	27	29	37	33
<b>Alls</b>	<b>555</b>	<b>580</b>	<b>615</b>	<b>680</b>	<b>723</b>

Fyrirtækjum á hollustuháttasviði heldur áfram að fjölga líkt og undanfarin ár. Sem fyrr er mest aukning í sölu á gistingu en þó hefur hægt á henni. Á árinu 2017 fóru starfsmenn HAUST í 426 eftirlitsferðir í 397 starfsstöðvar á hollustuháttasviði.


Reglugerðarbreytingar settu svip sinn á starf heilbrigðisfulltrúa við hollustuháttaeftirlit árið 2017. Sú breyting sem fékk hugsanlega hvað mesta umfjöllun í fjölmiðlum var ákvæði sem sett var í reglugerð um hollustuhætti þar sem hundar og kettir voru leyfðir á veitingastöðum. Mikið hefur verið rætt um þessa breytingu meðal heilbrigðisfulltrúa en enn sem komið er hafa fyrirtæki á starfsvæði HAUST ekki nýtt sér þetta ákvæði.

### 6.1 SALA Á GISTINGU

Í lok árs 2017 voru 344 gististaðir með starfsleyfi á starfsvæði HAUST. Samhliða fjölgun gististaða hefur stöðum sem reknir eru allan ársins hring að fjölgað. Sú þróun dregur mikið úr tímabundnu álagi á heilbrigðisfulltrúa við sumareftirlit, því nú er hægt að dreifa eftirliti á fleiri mánuði ársins.

Framan af ári var mikið álag á starfsfólki HAUST við útgáfu starfsleyfa fyrir heimagistingu skv. breytingu sem gerð var á reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald í lok árs 2016. Síðar var starfsleyfisskylda fyrir svokallaða 90 daga reglu afnumin með breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir um mitt ár 2017. Við þær breytingar var talsvert um að nýfengnum starfsleyfum væri sagt upp. Eðlilega skapaðist mikil óánægja vegna þessa og voru margir ósáttir við þann kostnað sem af þessu hlaut. Þrátt fyrir þetta heldur gististöðum á starfsvæði HAUST áfram að fjölga líkt og fyrri ár.





Mynd 17. Fjöldi gististaða með starfsleyfi á starfssvæði HAUST undanfarin fimm ár.

## 6.2 BAÐSTAÐIR

Í lok árs 2017 voru gerðar breytingar á reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Helsta breytingin sem varð er að nú eru köld ker skilgreind í reglugerðinni. Fram kemur í reglugerðinni að ekki sé gerð krafa um hreinsibúnað eða sótthreinsun í köldum körum, sé hægt að ábyrgjast heilnæmi vatnsins á annan hátt. Sundlaugar á starfssvæði HAUST eru nær allar með köld ker og kom sýnataka vel út á þeim stöðum þar sem þeim er sinnt daglega.


Auk þess var gerð breyting á reglugerð um baðstaði í náttúrunni. Þar var skilgreind ný gerð af laug svokölluð afþreyingarlaug. Með þessum breytingum er verið að mæta auknum áhuga á náttúrulegum eða manngerðum náttúrulegum meðal rekstraraðila og ferðamanna. Ekki er, skv. þessari reglugerð, gert ráð fyrir að í þessar laugar séu notuð efni til sótthreinsunar á baðvatni, en heilbrigðiseftirlit getur þó fyrirskipað sótthreinsun, mælist gerlafjöldi yfir hámarksgildi skv. reglugerð um baðstaði í náttúrunni. Töluverður munur er þó á hámarksgildum fyrir gerlafjölda sem koma fram í þessum reglugerðum.

## 6.3 SÝNATAKA AF BAÐVATNI

Alls voru 25 sund og baðstaðir á eftirlitsskrá HAUST árið 2017, þar af eru 11 í opinberum rekstri, 14 hjá ferðaþjónustuaðilum og einn staður sem flokkast sem náttúruleg.

Áhugi ferðaþjónustuaðila á að bjóða upp á heita potta er enn fyrir hendi, en oftar en ekki reynist erfitt að tryggja heilnæmi baðvatns. Auk þess hafa þó nokkrir ferðaþjónustuaðilar óskað eftir undanþágu frá því að nota sótthreinsiefni í baðvatnið. Heimild er til þess að veita slíka undanþágu í reglugerð nr. 814/2010 um sund- og baðstaði og þarf því rekstraraðilinn að sýna fram á að hægt sé að tryggja heilnæmi baðvatnsins á annan hátt, t.d. með auknum endurnýjunarhraða. Engum rekstraraðila á starfssvæði HAUST hefur þó tekist að sýna fram á að slíkar aðferðir beri árangur enda ásókn í heitu pottana mikil og mögulega ekki nógu vel fylgst með því að ferðamenn baði sig áður en haldið er í þá.

Til þess að fylgjast með heilnæmi baðvatns eru árlega tekin sýni úr öllum sundlaugum og heitum pottum sem eru á eftirlitsskrá. Niðurstöður koma fram á meðfylgjandi súluriti ásamt samanburði við niðurstöður undanfarinna ára.



Mynd 18. Niðurstöður sýnatöku á baðvatni undanfarinna fimm ára.

Tekin voru 83 baðvatnssýni á árinu 2017 og stóðust 54 þeirra eða 69% sýnanna kröfur. Auk þess voru tekin fjögur baðvatnssýni í náttúrulegum og stóðust þau öll þær kröfur sem gerðar eru til baðvatns í náttúrulegum.

Almennt eru opinberir sundstaðir vel reknir og vel fylgst með heilnæmi baðvatnsins á þeim en auk þess er fyrir hendi sjálfvirk klórskömmtun og hreinsibúnaður. Baðvatnssýnin sem falla eru oftast ekki hjá minni ferðaþjónustuaðilum þar sem klórskömmtun er handvirk eða jafnvel ekki fyrir hendi þrátt fyrir tilmæli heilbrigðiseftirlits þar um. Á árinu 2017 var lögð áhersla á að mæla styrk klórs í baðvatni auk gerla. Styrkur klórs í baðvatni þar sem ekki er fyrir hendi sjálfvirkur búnaður var ýmist mjög lágur eða mjög hár. Í einu tilviki mældist bundinn klór í heitum potti 20 mg/l en miðað er við að gildið fari ekki yfir 0,5 mg/l og aldrei yfir 1,0 mg/l. Fari klórstyrkur yfir þessi mörk geta gestir fundið fyrir særindum í slímhúð og öðrum óþægindum.

#### 6.4 HOLLUSTUHÁTTAHÓPUR

Fyrir hönd HAUST sat Lára Guðmundsdóttir sem fulltrúi í hollustuháttahópi sem skipaður er fulltrúum UST og HES. Að jafnaði fundar hópurinn einu sinni í mánuði en fundarhöld liggja niðri yfir sumartímann.

Framan af ári var heimagistingin stærsta mál hollustuháttahópsins enda um að ræða breytingu á reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem kom í lok árs 2016. Samin voru starfsleyfisskilyrði fyrir starfsemina af fulltrúum í hópnum. Um mitt ár 2017 þegar starfsleyfisskylda fyrir svokallaða 90 daga heimagistingu var afnumin með breytingu á reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti var ljóst að mikil vinna hafði farið forgörðum.

Á árinu 2017 var ekkert eiginlegt eftirlitsverkefni framkvæmt af hálfu hollustuháttahóps í stað þess var unnið að endurskoðun á öllum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi á sviði hollustuhátta.

Í september hittist hópurinn á tveggja daga fundi á Bifröst í Borgarfirði. Áhugaverð fyrirtæki voru heimsótt, verklag samræmt og að lokum var fundað með fulltrúa frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

#### 6.5 SKIPASKOÐANIR

Í samræmi við kröfur í alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni þurfa öll skip, sem eru í millilandasiglingum og koma að landi á Íslandi, að hafa gilt sóttvarnaundanþáguvottorð, ekki eldra en 6 mánaða. HAUST hefur á undanförunum árum skoðað skip og gefið út slík vottorð í kjölfarið. Árið 2017 framkvæmdi HAUST 8 skipaskoðanir, flestar í Mjóeyrarhöfn.

#### 6.6 SÓTTVARNIR HAFNA OG FLUGVALLA

Snemma árs 2017 kom út Landsáætlun - Sóttvarnir hafna og skipa. Landsáætlun þessi var unnin í víðtæku samstarfi viðbragðsaðila, m.a. HES með fulltrúum frá HAUST og HER undir stjórn Landlæknisembættisins. Í áætluninni eru ítarlegar leiðbeiningar um viðbrögð og aðbúnað í höfnum, komi til þess að tilkynningar berist um alvarlega sjúkdóma í skipum.

Í framhaldi af vinnu við Sóttvarnir hafna og skipa var unnin Landsáætlun - sóttvarnir alþjóðaflugvalla og komu fulltrúar HAUST að þeirri vinnu að því er varðar Egilsstaðaflugvöll.

Með fleiri komum skemmtiferðaskipa og auknu millilandaflugi er mikilvægt að sveitarfélögin séu vakandi fyrir smitvörnum í höfnum og á flugvöllum, m.a. varðandi móttöku og förgun úrgangs

## 7 MENGUNARVARNAEFTIRLIT 2017

Á eftirlitsskrá HAUST í árslok 2017 voru 358 starfsstöðvar sem falla undir mengunarvarnaeftirlit, þ.e. starfsstöðvar með starfsleyfi skv. reglugerð um starfsemi sem getur valdið mengun. Skiptingu þeirra má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár. Vert er að taka fram að inni í þessum tölum eru starfsstöðvar sem HAUST hefur eftirlit með skv. samningi við Umhverfisstofnun.

Tafla 8. Sundurliðun á fyrirtækjum á mengunarvarnasviði.

Flokkur	2013	2014	2015	2016	2017
Þjónusta við bíla og tæki	130	129	128	124	123
Meðferð úrgangs	67	70	83	79	84
Matvælavinnsla	53	48	42	38	43
Virkjanir, spennistöðvar o.þ.h.	23	27	27	26	27
Jarðefnavinnsla	15	17	17	16	15
Þauleldi	18	18	7	7	7
Trésmíðaverkstæði	14	14	14	14	14
Verslanir og vörugeymslur	11	5	4	4	5
Þvottahús og efnalaugar	7	7	7	9	9
Annað	28	28	30	30	31
<b>Alls:</b>	<b>366</b>	<b>363</b>	<b>359</b>	<b>347</b>	<b>358</b>

Tíðni eftirlits í fyrirtæki sem falla undir mengunarvarnaeftirlit ræðst af því hve mikil hættu er talin á mengun umhverfis frá starfseminni. Fyrirtæki sem stunda starfsemi þar sem lítil hættu er talin vera á mengun eru heimsótt fjórða hvert ár að jafnaði á meðan fyrirtæki með meiri áhættu eru heimsótt árlega að lágmarki.

Frá árinu 2013 hefur fyrirtækjum í flokknum „Þauleldi“ fækkað mikið. Með lagabreytingu var eftirlit með fiskeldi fært til UST og MAST og því tengjast þau þauleldisbú sem eftir eru öll loðdýraeldi. Loðdýrabúin og fóðureldhúsin sem tengjast þeim hafa nú öll hætt starfsemi og í ár verður eingöngu farið í eftirlit með frágangi starfsstöðvanna.

### 7.1 BREYTINGAR Á LÖGUM OG REGLUGERÐUM

Með breytingum á hollustuháttalögum nr. 7/1998 á árinu 2017 urðu nokkrar tilfærslur á verkefnum, m.a. var eftirlit með stærstu þauleldisbúunum (svín, kjúklingar) og mjólkurbúum fært til UST. Engin slík fyrirtæki eru á Austurlandi, þannig að breytingin hefur ekki áhrif á starfsemi HAUST. Einnig var starfsleyfisvinnsla og eftirlit með öllum olíumalar- og malbikunarstöðvum fært til UST, en áður voru slíkar færanlegar stöðvar starfsleyfisskyldar hjá heilbrigðiseftirliti.

Í kjölfar endurskoðunar á reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi færðust nokkur verkefni frá UST til HES, m.a. eftirlit með olíutönkum á hafnarsvæðum. Í reglugerðinni eru nokkur ný ákvæði til viðbótar, t.d. er skýrð ábyrgð og eftirlitsskylda með úrgangsolíutönkum, húsageymum, lausageymum og neyslugeymum.

## 7.2 LOFTGÆÐI

Fimmtungur kvartana sem bárust HAUST voru vegna lyktar, ryks í lofti eða reykmenngunar. M.a. höfðu íbúar á Seyðisfirði ama af hávaða og loftmengun frá skemmtiferðaskipum. Er nú unnið að undirbúningi fyrir loftgæðamælingar í samstarfi við Umhverfisstofnun og Seyðisfjarðarkaupstað.

Á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytis hefur nú verið unnið skýrslan „Hreint loft til framtíðar – Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029“. Í skýrslunni er ábyrgð sveitarfélaga og heilbrigðisnefnda dregin fram og jafnframt kemur fram að UST muni vinna leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um viðbragðsáætlanir og framkvæmd þeirra fyrir árslok 2019.

## 7.3 SORPMÁL

Árið 2014 var lögum um meðhöndlun úrgangs breytt þannig að Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs er ekki lengur gefin út af ráðherra umhverfismála heldur almenn stefna um meðhöndlun úrgangs til tólf ára í senn og almenn stefna um úrgangsförvarnir. Sveitarfélögum ber að vinna svæðisáætlanir í samræmi við stefnur þessar.

Þau sveitarfélög sem hafa sett sér svæðisáætlanir skulu á sex ára fresti meta hvort ástæða sé til að endurskoða þær. Árið 2005 settu sveitarfélögin frá Skeggjastaðahreppi til Breiðdalsvíkur sér sameiginlega svæðisáætlun sem gildir til 2020.

Svæðisáætlunin frá 2005 hefur ekki verið endurskoðuð og þótt unnið sé að markmiðum yfirvalda um aukna endurnýtingu og endurvinnslu er orðið brýnt að fara heildstætt yfir málaflökkinn. Endurskoðun svæðisáætlunar eða gerð nýrrar er gott tæki til að fá yfirsýn yfir stöðu mála og móta stefnu.

Með því að jarðgera lífrænan úrgang er unnt að draga úr magni úrgangs til urðunar. Jarðgerð lífræns heimilisúrgangs á gámavelli Egilsstaða var hætt árið 2017 þar sem fullvinnsla moltunnar var óhagkvæm. Um nokkurn tíma var lífrænum úrgangi ekið til jarðgerðarstöðvar í Eyjafirði.

Stóru sveitarfélögin Þrjú, Hornafjörður, Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað, hafa nú öll samið við sama fyrirtækið um sorphirðu og rekstur flestra gámavalla, auk þess sem nokkur minni sveitarfélög eru í samstarfi við þessi sveitarfélög um málaflökkinn.

Tveir sorpurðunarstaðir á starfssvæðinu eru nú í svokölluðu lokunarferli, þetta eru urðunarstaður ösku fyrir sorporkustöðina í Svínafelli og urðunarstaður fyrir lífrænan fiskúrgang í Mjóafirði. Í þessum tilvikum reynir á reglu um 30 ára vöktun sorpurðunarstaða eftir lokun þeirra.



#### 7.4 UMHVERFISGÆÐAHÓPUR

Umhverfisgæðahópur er líkt og hollustuháttahópur skipaður fulltrúum UST og HES. Hópurinn fundaði fimm sinnum á árinu 2017.

Á vinnufundi á Ísafirði var unnið að áhættumati fyrir nokkra fyrirtækjaflokka. Átaksverkefni voru sett til hliðar og í staðinn var unnið að uppfærslu samræmdra starfsleyfisskilyrða. Sú vinna er langt komin og verður henni væntanlega lokið á árinu 2018.

Í tengslum við endurskoðun á reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi var mikil vinna milli funda m.a. til að stuðla að samræmdum vinnubrögðum í eftirliti.



Mynd 19. Snyrtilegur gámvöllur í Neskaupstað

## 8 LOKAORÐ

Hlutverk heilbrigðiseftirlit er eins og fram hefur komið m.a. að veita leyfi og hafa eftirlit með starfsemi sem skilgreind er í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir annars vegar og matvælalögum hinsvegar.

Breytingar á matvælalögum hafa verið boðaðar og eru nú í umsagnarferli. Þær miða m.a. að því að auka aðgengi almennings að niðurstöðum úr eftirliti og lagt er til að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skuli skrá og birta upplýsingar um matvælaeftirlit með sama hætti og Matvælastofnun.

Lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir var breytt á árinu 2017. Nú hefur ráðherra heimild til að setja í reglugerð ákvæði þess efnis að fyrirtæki þurfi ekki lengur starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd heldur sé nægilegt að skrá starfsemina hjá Umverfisstofnun. Heilbrigðiseftirlitið mun síðan hafa eftirlit með starfseminni eftir að hafa móttengið tilkynningu frá Umhverfisstofnun þess efnis að viðkomandi starfsemi sé hafin. Í umsögnum í aðraganda lagabreytinganna kom fram hörð gagnrýni á þetta fyrirkomulag, bæði frá HAUST og fleiri heilbrigðiseftirlitssvæðum sem og frá samtökum sveitarfélaga. Bent var á að með frumvarpinu væri m.a. verið að færa verkefni frá HES til UST og auka flækjustig þar sem fyrirtæki þurfa nú bæði að vera í samskiptum bæði við UST og HES. Einnig var bent á að auknar líkur væru á því starfsemi gæti hafist án þess að uppfylla nauðsynleg skilyrði eða brjóti í bága við skipulag viðkomandi sveitarfélags.

Samningur á milli UST og HAUST um framsal eftirlits með sorpurðun, spilliefnamóttöku og fiskimjölverksmiðjum var endurnýjaður á árinu og gildir út árið 2019. HAUST hefur nú haft eftirlit með fiskimjölverksmiðjum frá árinu 1995 og sorpurðun og spilliefnamóttöku frá 1998. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel að mati HAUST enda augljós kostur að sinna eftirliti úr nærumhverfi.

HAUST hefur á undanförunum árum lýst vilja til að taka að sér aukin verkefni fyrir MAST og UST. Sveitarfélög á svæðinu hafa tekið undir þetta og í ályktun aðalfundar SSA sem haldin var á Breiðdalsvík 29. og 30. september 2017 var skorað á ríkisvaldið að marka þá stefnu að UST og MAST verði breytt í stjórnsýslustofnanir og eftirlitshlutverk þeirra fært til heilbrigðiseftirlits.

Maí 2018

Lára Guðm.

Lára Guðmundsdóttir  
staðgengill frkv.stjóra

Leifur Þ

Leifur Þorkelsson  
framkvæmdastjóri HAUST